



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1296
komudagur 10.3.2004

Reykjavík 6.3. 2004.

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 271 mál.

Alþýðusambandi Íslands styður þá meginhugmynd sem á bak við tillöguna liggur, sem er markviss athugun á því hvernig atvinnulýðræði hefur verið innleitt hér á landi og hvernig þessum málum sé skipað á EES-svæðinu. ASÍ hefur um árábil tekið þátt í samstarfi Evrópskrar verkalýðshreyfingar um atvinnulýðræði. Þar hafa þau sjónarmið sem byggja á formlegu samráði og upplýsingaskilyrði atvinnurekenda og launafólks ráðið för og hefur ASÍ stutt þá stefnu. ASÍ styður ekki sjónarmið um beina þátttöku og ábyrgð starfsmanna á rekstri þeirra fyrirtækja sem þeir vinna hjá.

Í greinargerð með tillögunni, í kaflanum þar sem fjallað er um atvinnulýðræði hér á landi, er sérstaklega vikið að meðferð á eign lífeyrissjóða launafólks í hlutafélögum. Vandséð er með hvaða hætti flutningsmenn tillögunnar tengja þá umræðu við alls óskylda umræðu um atvinnulýðræði.

ASÍ styður eins og fyrr segir, að kannað verði með hvaða hætti þessum málum er nú fyrir komið hér á landi og á EES-svæðinu. Að svo stöddu styður ASÍ hins vegar ekki, að nefndin skili tillögum um það hvernig tryggja megi áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum. ASÍ telur að þeim málefnum skuli skipa að meginstefnu með kjarasamningum á vinnumarkaði.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ